

Menning

Leikhús · Bókmenntir · Myndlist · Tónlist · Dans

Umsjón: Silja Aðalsteinsdóttir
Netfang: silja@dv.is
Sími: 550 5807



GUÐBJÖRG LIND: Gerir út á afmarkaða þætti sýnilegrar náttúru: fjöll, ár, vötn og eyjar.

Innstu rök



MYNDLISTARGAGNRÝNI
Aðalsteinn Ingólfsson

Þeir sem vanist hafa málverkunum sem Guðbjörg Lind hefur sett saman hin síðari ár munu að líkindum skynja áherslubreytingar í nýjustu verkum hennar, sem hanga uppi í Hafnarborg í Hafnarfirði um þessar mundir.

Ekki svo að sjálfst myndefni listakonunnar hafi tekið stakkaskiptum. Enn og aftur gerir hún út á afmarkaða þætti sýnilegrar náttúru: fjöll, ár, vötn og eyjar. Auk þess sem hún hefur aftur tekið til við að mála vatnsföll eftir nokkurt hlé.

Það sem breyst hefur, og er raunar árétt að með gaumgæfilegu vali myndanna og naumri upphengingu þeirra, er viðhorf listakonunnar til myndefnisins.

Kannski er ekki fráleitt að halda því fram að um langa hríð hafi átt sér stað nokkur

togstreita í huga Guðbjargar Lindar andspænis myndefni sínu, togstreita milli hins frásagnarlega og huglæga. Vestfirsk arfleifð hennar, menntun og íslensk landslagshéð hafa eflaust knúið á um trúnað gagnvart nafngreindum „stöðum“; lengi vel var það viðtekið skoðun að nafnlaus náttúra væri lítils virði. Frá því snemma á níunda áratugnum, ekki síst fyrir áhrif Georgs Guðna, fór að bera æ meira á því viðhorfi á íslenskum sjónmenntavettvangi að huglæg merking landslagsins væri mikilvægari en eiginlegt útlit þess og nafngiftir.

Friðlýst rými

Um hríð var eins og myndlist Guðbjargar Lindar vægi salt milli þessara tveggja viðhorfa; verk hennar einkenndust vissulega af markvissri einföldun landslagsins og tilraunum til að draga fram frumgerðir þess, þ.e. viðvarandi merkingu þess fyrir mann-fólkið. Eftir sem áður virtist hún halda tryggð við landslagið sem samsafn af „stöðum“ með eigin kringumstæður; málverk hennar snerust oft og íðulega upp í frásagn-

ir af innbyrðis tengslum þessara kringumstæðna.

Pokkafull málverk listakonunnar af eyjum eru einmitt í þeim dúr. Þau einkennast af ljóðrænni einföldun formanna og viðleitni til að lýsa einkennum íslensks eyjalandslags. Hins vegar hefur hún meiri áhuga á því sem skilur eyjar að en því sem þær eiga sammerkt. Sem er auðvitað ágætt og fullgilt viðhorf, en dregur úr huglægri skírskotun þeirra, gildi þeirra sem altækra frumgerða.

Það sem gerst hefur upp á síðkastið í verkum Guðbjargar Lindar, ef marka má yfirstandandi sýningu hennar, er að hið huglæga – segjum hið andlega – hefur tekið völdin. Að koma inn á sýninguna er eins og að ganga inn í friðlýst rými, helgað lönguninni til að öðlast hlutdeild í innstu rökum náttúrunnar. Við sjáum myndir þar sem eyjaklasar sem áður voru nákvæmlega útlistaðir hafa tapað sérkennum sínum; í fullkominni staðleysu renna þeir saman við skýjabólstra á himinplastinu svo engin leið er að greina skilin milli lofts og láðs.

Vitránir

Í grænleitri mósku liðast farvegur – fljót eða braut – inn í húm sem leggst eins og slæða yfir jörðina; upp í hugann koma bæði heimsendalýsingar apókrýfískra bóka og til-

Að koma inn á sýninguna er eins og að ganga inn í friðlýst rými, helgað lönguninni til að öðlast hlutdeild í innstu rökum náttúrunnar.

raunir manna til að skilgreina endalok lífsvitundar. Fossasamstæða listakonunnar hefur rofið öll tengsl við þessa heims fossa, heldur snýst upp í tilbrigði um frumspekilega merkingu „flæðis“ og þann ógjörning að ætla sér að lýsa því í tímafrefu málverki. Loks er á sýningunni heimild um eins konar „vitrun“, þar sem myrkt landslag með fossi tekur á sig mynd yfirnáttúrulegs blómsturs sem varpar geislum sínum í allar áttir; upp í hugann koma lýsingar guðspekinga á kraftbirtingum heilagleikans í daglegu lífi.

Aðeins í einu eða tveimur málverkum Guðbjargar Lindar, til dæmis í eins konar „eyjalangloku“ í hliðarsal, örlar enn á fyrri tilhneingingu til staðháttalýsinga. Hér verðum við vitni að nýju upphafi á markverðum ferli ágætrar listakonu.

Sýningin stendur til 8. september. Hafnarborg er opin kl. 11–17 alla daga nema þriðjudaga.